

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um tekjuaðgerðir til fjárlaga fyrir árið 2014, þskj. 2 - 2. mál, lagt fyrir 143. löggjafarþing 2013-2014.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis hinn 9. október sl., þar sem óskað var umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir til fjárlaga fyrir árið 2014, þskj. 2 - 2. mál, sem lagt var fyrir 143. löggjafarþing 2013-2014 (hér eftir „**frumvarpið**“). Í tilefni erindis nefndarsviðs Alþingis lætur laganefnd Lögmannafélags Íslands í té eftirfarandi umsögn um tiltekin atriði V. kafla frumvarpsins.

1. Efni V. kafla frumvarpsins.

Í V. kafla frumvarpsins (ákvæði 14. gr. - 16. gr.) eru lagðar til breytingar á lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 155/2010 bættist við nýr málslíður sem gerir ráð fyrir því að skattskylda nefndra laga taki einnig til lögaðila sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanevnd eða bráðabirgðastjórn og lögaðila sem héraðsdómur hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með þessu sé skattskyldunni einnig ætlað að ná til lögaðila í slitameðferð sem eru samkvæmt gildandi lögum undanþegnir skattinum. Yrði því skatturinn þannig m.a. lagður á kröfur föllnu bankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans gamla eins og þær standa í reikningum þrotabúanna í lok hvers árs.

Í 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju ákvæði til bráðabirgða, um að skattkrafa á grundvelli laga nr. 155/2010 njóti við gjaldþrotaskipti rétt hæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti (hér eftir „**gjaldþrotalög**“), en ella sé skattkrafan aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar. Engar nánari skýringar er að finna á ákvæði 16. gr. í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu.

Af frumvarpinu og skýringum í greinargerð sem því fylgir virðist mega ráða að ætlunin með frumvarpinu sé sú að fjármálafyrirtæki í slitameðferð standi árlega skil á skatti samkvæmt lögum nr. 155/2010 *á meðan* þau eru í slitameðferð, enda er beinlínis gert ráð fyrir tilteknum tekjum af skattlagningunni strax á næsta ári.

2. Athugasemdir laganefndar.

Í reglum 109.–115. gr. gjaldþrotalaga er kveðið á um innbyrðis rétt hæð krafna á hendur þrotabúi eða röðun réttinda (eða skuldaröð eins og oft er nefnt) en reglur um þetta ráða því í

hverri forgangsröð einstakar kröfur verði greiddar af andvirði eigna þrotabúa við gjaldþrotaskipti. Í 110. gr. laganna er fjallað um svonefndar búskröfur. Samkvæmt því ákvæði ganga m.a. kröfur sem lúta að kostnaði af skiptum á þrotabúi (2. tl.) og kröfur sem hafa orðið til á hendur þrotabúinu eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku búans til gjaldþrotaskipta (3. tl.). Undir þessa liði á m.a. allur kostnaður sem tengist framkvæmd skipta og lögveðskröfur. Ákvæði 112. gr. gjaldþrotalaga tekur til forgangskrafna, en þar er kveðið á um forgangsrétt fyrir tilteknum kröfum, sem kæmu til greiðslu við gjaldþrotaskipti að frágengnum kröfum skv. 109.–111. gr. Undir 113. gr. falla allar aðrar kröfur á hendur þrotabúinu og eru þær gjarnan nefndar almennar kröfur. Meginreglan við gjaldþrotaskipti er sú að skattkröfur eru taldar til almennra krafna samkvæmt 113. gr. laganna, nema ef um lögveðskröfur er að ræða.

Sem fyrr segir er í 16. gr. frumvarpsins gert ráð að skattkrafa á grundvelli laga nr. 155/2010 njóti við gjaldþrotaskipti rétt hæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga.

Laganefnd bendir á að til úthlutunar samkvæmt ákvæði 112. gr. gjaldþrotalaga kemur við *skiptalok*, að því tilskildu að eignir þrotabús gangi upp í forgangskröfur. Vandséð er hvernig að til greiðslu skattsins á því að geta komið fyrr en við úthlutun eins og 16. gr. frumvarpsins er orðuð, að uppfylltum einnig öðrum skilyrðum gjaldþrotalaga fyrir úthlutun úr þrotabúum. Sé ætlunin sú að fjármálafyrirtæki í slitameðferð standi *árlega* skil á skatti samkvæmt lögum nr. 155/2010 *á meðan* þau eru í slitameðferð, er ljóst að það markmið næst ekki með ákvæði frumvarpsins í óbreyttri mynd. Þá er bent á að í engu er tiltekið í 16. gr. frumvarpsins hvort eða hvaða sérstöðu umræddar kröfur eiga að hafa innan 112. gr. gjaldþrotalaganna umfram aðrar forgangskröfur sem lagaákvæðið tilgreinir. Telja verður að ákvæði frumvarpsins sé til þess fallið að valda óvissu hvað þetta varðar.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skattkrafa geti verið „aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar“. Af hálfu laganefndar er bent á að þetta stangast á við reglu 3. mgr. 116. gr. gjaldþrotalaga um að aðfararkröfu verði ekki komið að gagnvart þrotabúi, sbr. einnig 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ekki er að finna í frumvarpinu sérstaka tillögu að breytingu á nefndu ákvæði gjaldþrotalaga, né heldur eru neinar sértækar breytingar lagðar til á lögum nr. 90/1989 um aðför. Telja verður að ákvæði 16. gr. frumvarpsins komi þannig að takmörkuðu gagni hvað þetta varðar.

Að framangreindu virtu telur laganefnd að ákvæði 16. gr. frumvarpsins sé ekki til þess fallið að ná því markmiði sem að virðist stefnt.

Vekja má athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því að öðru máli myndi gegna ef ákvæði frumvarpsins byggði á því að kröfurnar hljóti stöðu í réttindaröð með búskröfum samkvæmt fyrrgreindum 2. eða 3. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga. Þá er einnig til þess að líta að tilgangur með ákvæði 4. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga er til að tryggja stöðu viðsemjanda skuldara á þeim tíma sem greiðslustöðvun eða nauðsamningsumleitanir standa yfir, þótt skilyrði þess að kröfur falli undir 4. tl. 110. gr. sé samþykki umsjónarmanns fyrir viðkomandi ráðstöfun. Að endingu má benda á að í orðum 1. tl. 114. gr. gjaldþrotalaga felst að kröfur um vextir og innheimtukostnað af búskröfum sem hafa fallið til eftir slitameðferð greiðast samhliða slíkri búskröfu að öðru leyti og telst því ekki til eftirstæðra krafna. Slíkt er ekki tilfellið njóti umrædd krafa úthlutunar samkvæmt 112. gr. gjaldþrotalaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir í núverandi mynd.

Laganefnd óskar eftir að fulltrúar hennar fái að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í því skyni að gera nánari grein fyrir athugasemdum sínum hvað frumvarp þetta varðar og svara eftir atvikum spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður